

Þriðjudaginn 19. júní 1979.

Nr. 79/1978. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Einari Hirti Gústafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Manndráp. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur álitserð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis um geðheilsu og sakhæfi ákærða verið borið undir Læknaráð. Í ályktun réttarmáladeildar Læknaráðs 6. apríl 1979, sem staðfest var 5. júní s. á. sem álitserð og úrskurður Læknaráðs, segir svo:

„Læknaráð telur af gögnum málsins, að ákærði, sem er bæði tornæmur og með mikla persónuleika- og skapgerðargalla, hafi haft psychosis reactiva depressiva á þeim tíma, sem hann framdi afbrotið. Þessi psychosis var hins vegar ekki á því stigi, sem greinir í 15. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en myndi frekar falla undir það, sem um er rætt í 16. grein sömu laga. Telur læknaráð því, eins og Ásgeir Karlsson, sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, að Einar Hjörtur Gústafsson sé sakhæfur og refsing geti líklega borið árangur“.

Verjandi ákærða hefur lagt fyrir Hæstarétt endurrit af sálfræðilegri prófun, er Pétur Jónasson sálfræðingur framkvæmdi, m. a. með viðtölum við ákærða 7.—14. júní 1978. Voru lögð fyrir ákærða greindar- og persónuleikapróf. Er niðurstaða sálfræðingsins sú, að ákærði sé „meðalgreindur maður, sem ekki sýnir nein meiri háttar einkenni sálrænna sjúkdóma. Hins vegar er hann tilfinningalega vanþroska,

sem oft kemur fram í barnalegum svörum og viðbrögðum og samskiptaerfiðleikum við annað fólk.“

II.

Ákæruefni er réttilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt gögnum máls ber að fallast á þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi svipt Halldóru Ástvaldsdóttur, sem hann hafði búið með um nokkurra ára skeið, lífi með byssu-skotum síðdegis hinn 15. ágúst 1977 og það hafi verið ásetningsverk, er varði við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til álitsgerðar Ásgeirs Karlssonar geðlæknis og úrskurðar Læknaráðs ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sitt.

III.

Leggja verður til grundvallar, að ákærði hafi fyrir fram tekið ákvörðun um að fyrirfara sér, er hann hefði svipt Halldóru Ástvaldsdóttur lífi.

Gögn máls benda til, að erfiðleikar hafi komið upp í sambúð þeirra Halldóru og ákærða og hún hafi ákveðið að slíta samvistir við hann. Þegar hún kom ekki til ákærða til Svíþjóðar 7. ágúst 1977, eins og ætla verður, að ákveðið hafi verið þeirra í milli, hefur það sýnilega fengið mjög á hann.

Þegar virt er brot ákærða, aðdragandi að því og málsatvik öll, þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans, sem staðið hefur óslitið síðan 16. ágúst 1977, á að koma með fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku skotvopns ákærða svo og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 200.000 krónur.

Það athugast, að lögreglumenn hafa tekið skýrslur af nokkrum vandamönnum ákærða, án þess að séð verði, að

athygli þeirra væri vakin á heimild þeirra til að skorast undan vættisburði, sbr. 3. og 5. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974, sem einnig ber að beita um skýrslur fyrir lögreglu, sbr. 39. gr. sömu laga. Skoruðust vandamennirnir undan að láta uppi skýrslur fyrir dómi. Var eigi rétt að reifa skýrslur þessar í héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson, sæti fangelsi 14 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. ágúst 1977 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku á skotvopni ákærða svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. desember 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 15. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 541/1977: Ákærvaldið gegn Einari Hirti Gústafssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. f. m., gegn Einari Hirti Gústafssyni, Njálsgötu 4 A, fæddum 31. mars 1955 í Reykjavík,

„fyrir að hafa síðdegis mánudaginn 15. ágúst 1977 svipt unnustu sína, Halldóru Ástvaldsdóttur, fædda 7. janúar 1955, lífi með riffilskotum í bifreið ákærða á Rauðhólavegi í Reykjavík.

Framangreindur verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á riffli þeim, sem verknaðurinn var framinn með,

samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Síðdegis mánudaginn 15. ágúst sl. ók Magnús Grímsson garðyrkjumaður, Háagerði 35 í Reykjavík, bifreið sinni neðan úr borginni áleiðis að Elliðavatni, og var kona hans, Ásdís Pétursdóttir, með honum í bifreiðinni. Magnús beygði af Suðurlandsvegi inn á Rauðhólaveg. Er komið var að hliði, sem er nokkurn spöl frá Suðurlandsvegi, stóð bifreið með erlendu númeri, EYZ 701, í hliðinu, og vissi framendinn til norðurs (að Suðurlandsvegi). Magnús gaf hljóðmerki, þar sem ekki var hægt að aka fram hjá bifreiðinni, og er það bar ekki árangur, fór hann að gæta að, hverju þetta sætti. Hann gekk að vinstri framdyrum EYZ 701 og opnaði þær og spurði ökumann, hvort eitthvað væri að, og svaraði hann þá, að sér væri að blæða út, og er Magnús spurði nánar, kvaðst ökumaður hafa ætlað að drepa sig. Magnús sá blóð á úlnlið vinstri handar mannsins og mikið blóð á gólfinu. Nú kom að annar maður í bifreið, Reynir Alfreyð Sveinsson, Elliðavatni, og bjó hann með sáraumbúðum um úlnlið ökumannsins. Enn kom þarna að maður á bifreið, og tók hann að sér að gera lögreglu viðvart. Ekki er vitað, hver maður þessi var, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur hún fengið tilkynningu um atburð þennan kl. 1735. Fóru lögregluþjónar þegar á staðinn.

Ökumaður EYZ 701 reyndist vera ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson. Í sætinu við hlið hans var Halldóra Ástvaldsdóttir, Holtsgötu 9, fædd 7. jan. 1955, unnusta ákærða. Var hún sveipuð inn í teppi, en undir teppinu hjá henni var ríffill. Lögregluþjónarnir létu kalla í sjúkrabifreiðir og gera rannsóknarlögreglu ríkisins viðvart. Komu starfsmenn hennar á vettvang. Ákærði og Halldóra voru flutt í sjúkrabifreiðum í slysadeild Borgarspítalans, og reyndist Halldóra látin af mörgum skotsárum, en ákærði særður á vinstri úlnlið og á brjósti vinstra megin.

Samkvæmt skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar, sem krufði lík Halldóru, fundust á því þessir áverkar:

1) Innskotsop framan til í hársverði í miðlínu, 2,5 cm aftan við hársrætur. Þaðan skotgangur gegnum höfuðkúpuna, niður í gegnum heilann og í gegnum kúpubotninn aftast í fremstu heilagróf þétt upp við miðlínu hægra megin, síðan áfram niður í gegnum harða góminn aftarlega, og fannst kúlan útfloft framan til í tungurótum og hafði farið gegnum tunguna.

2) Innskotsop á vinstri kinn, 1.5 cm framan við og 1.5 cm neðan við vinstra eyrnasnepil, og skotgangur inn í gegnum neðri kjálkann, gegnum kjálkann hægra megin og út um húðina á hægri kinn, 5 cm aftan við hægra munnvik og 3 cm ofan við neðri kjálkabráun.

3) Innskotsop aftan og neðanvert vinstra megin á hálsi, rétt við hársrætur, og skotgangur frá því fram á við og niður og inn á við, og hafði kúlan farið út um húðina nálægt miðlínu framan á hálsinum, rétt ofan við jugulu.

4) Innskotsop utanvert á vinstri upphandlegg, 16.5 cm neðan við öxlina, skotgangur frá því upp á við og inn á við aftan við upphandleggsbeinið og síðan ofan við holhönd inn í gegnum brjóstvegginn milli I. og II. rifs. Kúlan hafði snert yfirborð á utan- og framanverðum efsta lappa vinstra lunga, farið í gegnum mediastinum og inn í toppinn á hægra lunga og staðnæmst úti undir yfirborði þess, lateralt efst. Þessi kúla var heilleg.

Ályktun læknisins er á þessa leið: „Við krufninguna fundust fjögur innskotsop á líkama konunnar. Tvær kúlnanna hafa farið út úr líkamanum aftur, og fundust tilsvarendi útskotsop á húðinni. Tvær kúlur fundust í líkinu. Öruggt má telja, að kúla sú, sem fór inn í gegnum framanverða höfuðkúpu niður í gegnum heila og kúpubotn, hafi valdið bana.“

Í vottorði Frosta Sigurjónssonar læknis um áverka ákærða, segir, að á vinstri úlnlið lófamegin hafi fundist ca 10 cm langur þverskurður, ekki djúpur, aðallega bundinn við húð og fitulag, en ein sin þó í sundur. Þá var sár framan á brjóstvegg vinstra megin, mitt á milli geirvörtu og miðlínu, áverki, sem svarað gæti til innskotssárs eftir riffilkúlu, og annað sár á aftari holhandarlínu sömu megin, en örlítið neðar en hitt sárið, greinilega útskotsop kúlunnar. Á milli þessara áverka var hægt að finna loft undir húð, sem benti til rifu í brjósthimnu og lunga. Gert var að sárum ákærða og hann lagður á gjörgæsludeild, þar sem hann var til 18. ágúst, er hann var fluttur á aðra deild, þar sem hann var til 24. ágúst, en þá þótti ekki ástæða til að hafa hann lengur í sjúkrahúsinu. Hann er aldrei talinn hafa verið í neinni lífshættu. Í vottorðinu segir, að skotið hafi gengið gegnum vinstra lunga ákærða.

Starfsmenn tæknideildar rannsóknarlögreglu skoðuðu bifreiðina EYZ 701. Í henni var mikið blóð, bæði í farþegasæti og viðar. Blóð var einnig á hurðum og blóðug fingraför á vinstri afturhurð. Tæmd patróna fannst á gólfi undir framsæti og sömuleiðis

tvær kúlur. Göt voru bæði á sæti og baki ökumannsstóls, og í klæðningu á stólnum fannst kúla. Í mælaborði fannst pakki fyrir 50 riffilskot, gildleiki 22, og voru 37 skot eftir í pakkanum. Þar var einnig leyfi handa ákærða til þess að eiga riffil, cal. 22, og var leyfið út gefið 7. maí 1975. Blóðugt rakvélarblað fannst í mælaborði.

Samkvæmt álitsgerð Sævars Þorbjörns Jóhannessonar rannsóknarlögreglumanns var annað fingurfarið, sem áður var getið um, örugglega far eftir þumalfingur hægri handar ákærða og sterkar líkur á, að hitt farið hafi verið eftir löngutöng hægri handar ákærða, en þó ekki næg sérkenni, til þess að það verði fullyrt.

Blóðsýni var tekið úr ákærða kl. 1830 umræddan dag. Í því fannst ekki alkóhól í mælanlegu magni, ekki heldur barbitúr-sýrusambönd, díazepam né umbrotsefni þess, desmetyldíazepam. (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Þorkell Jóhannesson).

Riffill ákærða er af tegundinni USSR, hlaupvidd 22, með sex skota magasíni. Í riffilinum var tæmt skothylki og í magasíninu tvö skot eftir, og kemur þetta heim við framburð ákærða, er síðar verður rakinn, þ. e. að hann hafi fyllt magasínið og sett skot í hlaupið, en skotið alls 5 skotum.

Ákærði játar það afdráttarlaust, að hann hafi skotið Halldóru Ástvaldsdóttur til bana og að því búnu reynt að fyrirfara sér.

Ákærði kynntist Halldóru sumarið 1972, er þau voru bæði 17 ára að aldri. Þau byrjuðu strax að vera saman og opinberuðu trúlofun sína 24. mars 1973. Þau bjuggu fyrst á heimili foreldra ákærða. Á árinu 1974 keyptu þau sér íbúð við Óðinsgötu, en fluttust í mars 1974 í aðra íbúð, er þau höfðu fest kaup á í húsi nr. 4 A við Njálsgötu, og áttu þau þar heimili næsta ár. Vorið 1976 leigðu þau þessa íbúð út og fluttust til Svíþjóðar og settust að í Nyköping.

Hinn 2. júlí sl. komu ákærði og Halldóra til Íslands í sumarleyfi. Þau gistu fyrstu nóttina bæði á heimili foreldra ákærða, en næsta dag flutti Halldóra sig heim til foreldra sinna á Holtsgötu 9. Hún fór síðan vestur á Tálknafjörð og var þar nokkra daga. Eftir að hún kom aftur, var hún áfram á Holtsgötunni, nema tvær eða þrjár síðustu næturnar, áður en ákærði fór aftur utan, en hann fór 25. júlí. Að öðru leyti segir ákærði, að Halldóra hafi lítið samband haft við hann, eftir að hún kom að vestan. Hún hafi áður en ákærði fór utan sagt honum, að hún mundi koma til Svíþjóðar 7. ágúst.

Ákærði segist hafa fengið nokkur bréf frá Halldóru, eftir að hann var kominn til Svíþjóðar. Eftir að 7. ágúst var liðinn, án þess að Halldóra kæmi, ákvað ákærði að fara heim til Íslands. Hann ók bifreið þeirra Halldóru frá Nyköping til Bergen, tók sér far með bílferjunni Smyrli og kom til Seyðisfjarðar laugardaginn 13. ágúst. Ók hann síðan til Hafnar í Hornafirði, gisti þar aðfaranótt sunnudagsins 14. ágúst, en kom til Reykjavíkur síðdegis þann dag og fór heim til foreldra sinna. Síðan ók hann að Nesti við Háaleitisbraut, en þar hafði Halldóra ráðið sig til afgreiðslustarfa. Ákærði hitti hana að máli, og segir hann, að hún hafi tekið honum dauflaga og lítið viljað við hann tala. Hann kveðst hafa spurt hana, hvenær hún hætti að vinna, og hún sagt honum, að vinnu lyki kl. 2330, en bætt við: „Já, en þú sefur ekki hjá mér í nótt.“

Ákærði kveðst svo hafa ekið að Nesti um kvöldið og komið þangað kl. 2320 og beðið í grenndinni í bílnum. Halldóra kom síðan frá Nesti og með henni vinkona hennar Elísabet Guðmundsdóttir. Ákærði kveður Halldóru hafa opnað hægri framhurð og sagt, að hún væri að flýta sér, og er hann hafi spurt, hvenær þau gætu rætt saman, hafi hún svarað: „Einhvern tíma á morgun.“ Síðan hafi þær Elísabet flýtt sér burt og farið inn í strætisvagn og hann misst af þeim.

Ákærði fór svo heim til foreldra sinna og var þar um nóttina. Næsta dag fyrir hádegi tók hann ríffil, sem hann átti geymdan í skáp í íbúð foreldra sinna, og kom honum fyrir í bifreið sinni ásamt pakka með skotum. Ríffilinn hafði ákærði eignast 1975, og hafði hann tilskilið leyfi lögreglustjóra. Ákærði ók svo að bifreiðastæði við Vitatorg og hlóð ríffilinn þar sjö skotum, þ. e. sex skotum í magasínið og einu í hlaupið. Hann kom rífflinum svo fyrir í aftursæti bifreiðarinnar og setti teppi yfir.

Ákærði kveðst síðan hafa ekið að Nesti og hitt Halldóru að máli. Hún hafi sagt, að hún lyki vinnu kl. 1600 um daginn, og kveðst ákærði hafa sagt henni, að hann ætlaði þá að koma, svo að þau gætu rætt saman.

Ákærði kveðst ekki hafa snætt hádegisverð þennan dag. Hann hafi farið heim til systur sinnar Huldu, sem býr í Eyjabakka 7, og staðið þar við um stund og farið þaðan klukkan að ganga 1600. Í bifreiðinni hafði ákærði meðferðis talsvert af fatnaði, sem Halldóra átti, og með þetta fór ákærði upp á Vatnsendahæð og fleygði því þar í lækjarfarveg, og fundust munir þessir þar við rannsókn málsins eftir tilvísun ákærða. Ákærði ók svo eitthvað

um og kom að Nesti, og þar kom Halldóra til hans í bifreiðina, rétt um kl. 1600 að sögn ákærða. Ákærði ók svo sem leið liggur upp úr borginni, og við Rauðavatn beygði hann inn á veg, sem liggur að Elliðavatni (Elliðavatnsveg), og ók nokkurn spöl inn á veginn og nam þar staðar.

Ákærði kveðst svo hafa reynt að ræða við Halldóru um samband þeirra, en hún hafi lítið viljað um það tala. Þau hafi setið þarna í bifreiðinni um það bil 7 mínútur. Þá kveðst ákærði hafa farið út úr bifreiðinni, opnað afturdyrnar og tekið riffilinn undan teppinu. Hann telur, að Halldóra hafi þá horft fram og ekki tekið eftir, hvað hann var að gera. Ákærði kveðst hafa sett riffilinn ofarlega við hægri síðu sína og haldið honum þannig, er hann hleypti fyrsta skotinu á Halldóru. Við skotið hafi hún fallið aðeins til vinstri, en setið þó enn uppi, og þá hafi hann flýtt sér að spenna riffilinn aftur og síðan hafi hann hleypt nokkrum skotum á Halldóru. Hún hafi svo fallið til vinstri yfir öikumannsseti og blóð lagað úr vitum hennar. Ákærði kveðst svo hafa tekið teppið, sem verið hafði yfir riffilinum, og reist Halldóru upp í sætinu og vafið teppinu um hana, en sett byssuna í skaut hennar. Ákærði kveðst svo hafa tekið rakvélarblað, sem hann hafði meðferðis, og skorið á púls vinstri handar. Hann kveðst svo hafa ekið af stað áfram inn Elliðavatnsveg inn með vatninu. Hann kveðst hafa séð, að lítið blæddi úr sári því, sem hann hafði veitt sér, og reynt að skera betur ofan í sárið. Ákærði kveðst svo hafa snúið bifreiðinni við, ekið lítið eitt til baka og numið staðar, tekið svo riffilinn og beint honum að brjósti sér og hleypt af. Hann hafi fundið, þegar kúlan fór gegnum hann, og sér hafi fundist eitthvað bulla í brjósti sínu. Hann hafi ætlað að biða þarna og láta sér blæða út, en hann hafi þá séð börn á reiðhjólum og ekki viljað láta þau sjá lík Halldóru og því ekið af stað. Hann hafi ekið út á Suðurlandsveg og austur hann, inn á Rauðhólaveg og nokkuð inn fyrir hliðið, snúið þar við og ekið til baka, en er hann hafi komið í hliðið, hafi hann gefist upp, enda hafi kvalirnar þá verið orðnar óbærilegar.

Frásögn ákærða um það, hvar hann hafi skotið Halldóru, er studd öðrum gögnum. Á Elliðavatnsvegi um 600 m frá mótum hans og Suðurlandsvegur fundust þrjú tóm skothylki. Þá hefur eitt vitni, Ólafur Sigurðsson, Ásvallagötu 4, borið, að hann hafi ekið af Suðurlandsvegi suður Elliðavatnsveg á tímabilinu kl. 1620 til 1630 umræddan dag og ekið þá fram á kyrrstæða ljósa bifreið, sem staðið hafi á hægri vegarhelmingi og snúið suður.

Bifreiðin hafi haft erlent skrásetningarmerki. Í framsæti bifreiðarinnar hafi verið tvær manneskjur. Hann hafi ekki sett neitt sérstaklega á sig í sambandi við bifreið þessa, en þetta hafi rifjast upp, er hann sá ljósmynd af bifreið ákærða í blaði. Ólafur telur það vel geta komið heim, að bifreiðin hafi staðið á þeim stað, þar sem skothylkin fundust.

Ákærði heldur því fram, að er hann lagði af stað með Halldóru í bifreiðinni, hafi hann verið staðráðinn í að svipta sjálfan sig lífi í viðurvist Halldóru, en hins vegar ekki að bana henni, en svo hafi það farið einhvern veginn á þá leið, að hann hafi skotið hana fyrst. Ásetningur til þess hafi orðið til allt í einu. Hann hafi verið niðurbrotinn út af því, hvernig farið hafði um sambúð þeirra Halldóru, en ljóst hafi verið orðið, að Halldóra hafi talið sambandi þeirra lokið, svo sem nánar verður rakið hér á eftir.

Ákærði kveðst ekki hafa haft neinar grunsemdir um, að Halldóra ætti vingott við aðra karlmenn, og ekkert hefur heldur annað komið fram í málinu í þá átt. Ákærði tekur fram, að Halldóra hafi ekki tilgreint neinar ástæður fyrir því, að hún vildi slíta sambúð þeirra ákærða.

Rétt þykir að greina frá framburði ákærða á rannsóknarstigi málsins, þar sem hann er að þessu leyti ekki í fullu samræmi við framburð hans við meðferð málsins.

Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða daginn, sem atburðurinn varð, milli kl. 1955 og 2020. Í þeirri skýrslu segir ákærði, að hann hafi tekið ríffilinn og hlaðið hann með þeim ásetningi að drepa Halldóru, af því að hún vildi skilja við hann. Hann hafi ákveðið þetta fyrir 2 dögum. Hann kveðst hafa fengið Halldóru í ökuferð til þess að ræða við hana málefni þeirra, en reyndar gert sér ljóst, að það væri ekki til neins, og því ætlað sér að drepa þau bæði.

Þegar skýrsla þessi var tekin, lá ákærði á gjörgæsludeild, og var nokkuð af honum dregið, en hann var þó með fullri meðvitund skv. bókun lögreglumanns þess, sem skýrsluna tók.

Næsta dag var dómþing háð í sjúkrastofunni og ákærða kynnt krafa, sem borin hafði verið fram um gæsluvarðhald. Í bókun segir: „Kæður kveðst játa að hafa ráðið Halldóru Ástvaldsdóttur bana og hafi verkið verið gert af ráðnum hug.“ Ekki var, eins og á stóð, tekin nánari skýrsla af ákærða á þessu dómþingi.

Rannsóknarlögreglumenn yfirheyrðu ákærða svo rækilega fimmtudaginn 18. ágúst. Í þeirri skýrslu segir ákærði, að Hall-

dóra hafi virst vera orðin eitthvað leið, áður en þau fóru frá Svíþjóð, en þó hafi ætlunin verið að fara utan aftur að loknu leyfi, og kveðst ákærði hafa keypt farmiða báðar leiðir fyrir þau bæði og utanför bókuð fyrir bæði 30. júlí og hafi þetta verið gert í samráði við Halldóru. Eftir að komið var til Íslands, kveður ákærði hafa tekið að bera á ósamkomulagi í ýmsum greinum milli þeirra Halldóru. Hún hafi verið afundin við hann fyrsta kvöldið í Reykjavík, eftir að hún hafði brugðið sér í heimsókn til foreldra sinna. Þá hafi hún farið til Tálknafjarðar án samráðs við hann og út af þeim fyrirætlunum þeirra hafi nær komið til handalögmáls milli þeirra þetta fyrsta kvöld. Ákærði kveðst hafa talað við móður Halldóru um, að hann vildi sættast við Halldóru, og Halldóra hafi eftir þetta hringt til hans af Tálknafirði og fundið að því, að hann væri að ónáða móður hennar, og í sama skipti hafi hún sagt, að allt væri búið á milli þeirra. Eftir að hún kom að vestan, hafi hún haldið til á Holtsgötu hjá foreldrum sínum, nema síðustu næturnar áður en ákærði fór utan. Hún hafi verið um stund óákveðin í því, hvort hún kæmi aftur til Svíþjóðar, en þó um það lauk ákveðið, að hún mundi koma 7. ágúst, eins og áður segir, og samþykkt, að ákærði sækti fyrir hana um sjúkraliðanám í Örebrot, en um það hafði áður verið rætt milli þeirra. Ákærði kveðst hafa fengið nokkur bréf frá Halldóru, eftir að hann kom til Svíþjóðar, þar á meðal eitt, sem hafi orðið til þess, að hann ákvað að fara heim. Eftir að ákærði ræddi við Halldóru að kvöldi 14. ágúst, kveðst hann hafa um nóttina brotið mjög heilann um það, hvað gera skyldi, og hefði hann þá verið að hugsa um að láta eitt yfir bæði ganga, en þó verið mjög á báðum áttum.

Við meðferð málsins kannaðist ákærði við þessar skýrslur sínar sem réttar í aðalatriðum, en vildi nú ekki viðurkenna, að ásetningur um að verða Halldóru að bana hefði mótast fyrr en í sama mund og hann vann verkið.

Áður var lýst orðaskiptum Magnúsar Grímssonar við ákærða, en hann sagði Magnúsi, að hann hefði ætlað að drepa sig. Vitnið Reynir Alfreð Sveinsson sagði í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu, að hann hefði spurt ákærða, hvað komið hefði fyrir, og hann svarað: „Ég skaut mig.“ Er Reynir kom fyrir dóm sem vitni hinn 7. þ. m. minnst hann ekki orðaskipta við ákærða.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson var annar þeirra lögregluþjóna, sem komu fyrst á staðinn. Hann kveðst hafa spurt ákærða,

þar sem hann sat í bifreiðinni, hvað hent hefði, og hann svarað á þessa leið: „Ég skaut unnustu mína“, og er hann var nánar spurður, hafi hann haldið áfram: „Ég elskaði hana það mikið, að ég gat ekki hugsað mér, að hún lifði lengur, enda ætlaði ég að svipta mig lífi.“ Hann hafi sagt, að hann hefði skotið hana og sjálfan sig á eftir. Benedikt Helgi kveðst hafa spurt, hvort honum blæddi og hvort honum væri að blæða út, en hann svarað eitthvað á þá leið, að ekki hefði blætt nóg. Eiríkur Pétursson lög- regluþjónn, sem kom á staðinn um leið og Benedikt Helgi, kveðst ekki hafa átt orðaskipti við ákærða.

Vitnið Elísabet Guðmundsdóttir, Ránargötu 8 A, 20 ára að aldri, segir, að þær Halldóra hafi verið góðar vinkonur árum saman. Hún segir, að þær hafi hist, nokkru eftir að Halldóra og ákærði komu til Íslands í sumar, og þá hafi Halldóra sagt henni, að trúlofun hennar og ákærða væri lokið og þau hefðu ákveðið að slíta sambúð sinni. Það hafi komið fram í máli Halldóru, að þetta hefði lengi staðið til og hún væri nú mjög hamingjusöm yfir að vera nú frjáls. Þær Halldóra hafi eftir þetta haft mikið samband. Snemma í ágúst hafi Halldóra frétt, að von væri á ákærða til landsins, og hafi hún verið mjög miður sín út af því. Elísabet kveðst hafa komið til Halldóru á vinnustað hennar í Nesti að kvöldi 14. ágúst og þá hafi Halldóra sagt, að ákærði hefði komið að máli við hana og sagst mundu hitta hana á ný, er vinnu lyki. Hefði hún verið dauðskelkuð út af þessu og þær ákveðið, að Halldóra færi með Elísabetu heim til hennar og gisti þar um nóttina. Elísabet kveðst svo hafa verið þarna, uns lokað var, og hafi þær Halldóra ætlað að reyna að komast burt, áður en ákærði kæmi, en hann hafi orðið fyrri til á staðinn. Hann hafi átt einhver orðaskipti við Halldóru og hún ekki viljað fara með honum. Elísabet kveðst þá hafa séð strætisvagn vera að koma og hnippt í Halldóru og þær síðan hlaupið að vagninum og inn í hann. Hafi ákærði elt strætisvagninn í bifreið sinni, en þeim tekist að stinga hann af með því að skipta um vagn á Laugavegi, án þess ákærði yrði þess var. Elísabet segir Halldóru hafa verið mjög hrædda og í vagninum hafi hún sagt: „Ég gæti vel trúað því, að Einar ætti eftir að drepa mig.“ Þær fóru svo heim til Elísabetar, og þar var Halldóra um nóttina. Um morguninn urðu þær samferða í strætisvagni til vinnu, og skildi síðan með þeim. Sama dag, kl. 1430, segir Elísabet, að Halldóra hafi hringt í hana og sagt, að ákærði hefði fundið hana að máli. Þau hefðu

orðið ásátt um að slíta sambúð sinni og ákveðið að hittast eftir vinnu og mundi hann þá afhenda henni dót, sem hún ætti hjá honum. Hafi Halldóra virst fegin þessum málalokum.

Hulda Gústafsdóttir, Eyjabakka 17, systir ákærða, skoraðist undan að bera vitni við meðferð máls þessa, en hún hafði skýrt rannsóknarlögreglunni frá því, að ákærði hefði komið á heimili hennar umræddan dag rétt eftir kl. 1300 og staðið við þar til nokkru eftir kl. 1500. Hann hafi ekki verið óeðlilegur í framkomu, en þó virst hafa hug á að ræða eitthvað við hana. Úr því hafi þó ekki orðið, enda hafi börn hennar verið heima og auk þess hafi kona komið í heimsókn.

Guðrún Jóhanna Einarsdóttir, Hverfisgötu 49, móðir ákærða, skoraðist einnig undan því að bera vitni, en hún hafði skýrt rannsóknarlögreglunni svo frá, að sambúð ákærða og Halldóru hafi stundum verið stirð og er þau komu hingað í sumar, hafi litið út fyrir það, að sambúðin væri að rofna. Guðrún kveður ákærða hafa hringt til hennar frá Svíþjóð 6. ágúst og sagt, að sér leiddist mjög og hann væri að hugsa um að koma heim, og hann hafi beðið hana að sækja Halldóru og hann mundi svo tala við hana. Þetta kvaðst Guðrún hafa gert og ákærði hafi svo hringt aftur, en þá hafi sambandið verið svo slæmt, að ekki hafi orðið úr samtali milli þeirra Halldóru og ákærða. Guðrún segir, að Halldóra hafi í þetta skipti sagt við hana, að hún færi ekki utan aftur. Þá segir Guðrún, að ákærði hafi hringt til hennar úr Smyrli kl. 1800 fimmtudaginn 11. ágúst og látið vita um komu sína, og segir Guðrún, að hún muni þá hafa látið orð falla í þá átt, hvort ekki væri allt búið milli þeirra ákærða og Halldóru, en það hafi svo ekki verið rætt frekar.

Faðir ákærða, Gústaf Adolf Hjartarson, óskaði einnig eftir að vera undanþeginn vitnisburði í málinu, en hann hafði gefið rannsóknarlögreglunni skýrslu. Samkvæmt henni hitti ákærði hann að máli, þar sem hann var við vinnu sína sem næturvörður í Verzlunarbbankanum á sunnudagskvöld, og þeir ræddust við um stund. Næsta dag fór ákærði óvænt út kl. 1200. Þá var Gústaf að elda hádegismat og sagði ákærða að koma aftur eftir 15—20 mínútur, þá yrði maturinn tilbúinn. Ákærði sagðist mundu koma, en kom ekki, og vissi Gústaf svo ekki meira um ferðir hans.

Foreldrar Halldóru, Ástvaldur Snæfeld Eiríksson og Guðbjörg María Helgadóttir, og systir Halldóru, Ásdís Hrönn Ástvaldsdóttir, hafa borið vitni í málinu. Ástvaldur kveðst hafa orðið

Þess fljótlega var eftir heimkomu ákærða og Halldóru í sumar, að ekki var allt með felldu um sambúð þeirra. Hann segir, að þegar Halldóra frétti, að ákærða væri von heim með Smyrli, hafi sett að henni kvíða. Hún hafi reyndar ekki talað mikið við sig um samband sitt við ákærða og hafi móðir Halldóru vitað meira um það.

Guðbjörg María segir, að Halldóra hafi, skömmu eftir að hún og ákærði komu frá Svíþjóð, komið heim á Holtsgötu og beðið um að fá að búa þar, því hún væri búin að fá nóg af ákærða og hefði slitið samvistir við hann. Hefðu þau ákærði og Halldóra haft lítið samband eftir þetta, meðan ákærði var hér heima. Guðbjörg María segir, að Halldóra hafi orðið mjög kvíðafull, er hún frétti það 12. ágúst, að ákærði væri á heimleið, og hafi hún þá ákveðið að fá að gista hjá Elísabetu vinkonu sinni. Kveðst Guðbjörg María síðast hafa séð Halldóru laugardaginn 13. ágúst.

Ásdís Hrönn Ástvaldsdóttir, systir Halldóru, segir, að eftir að ákærði og Halldóra voru komin heim frá Svíþjóð, hafi fljótt komið í ljós, að Halldóra ætlaði að slíta sambúðinni við ákærða. Ásdís kveðst hafa farið til Tálknafjarðar með Halldóru og þá hafi Halldóra verið búin að taka ofan trúlofunarhringinn. Ásdís kveðst ekki hafa komið að vestan fyrr en eftir að ákærði var farinn utan. Hún segir, að það hafi fengið mjög á Halldóru, er von var á ákærða heim aftur. Ásdís kveðst hafa síðast hitt Halldóru um hádegi mánudaginn 14. ágúst á vinnustað Halldóru. Hafi hún þá greint frá fundi þeirra ákærða daginn áður og verið mjög skelkuð.

Skyldfólk Halldóru hefur rakið allmjög, hvernig sambúð ákærða og Halldóru hafi verið í gegnum tíðina, og telur það ákærða hafa verið mjög ráðríkan og þverlyndan og sérstaklega reynt að koma í veg fyrir, að Halldóra hefði samband við foreldra sína og systkini. Hafi ákærði haft á henni strangar gætur, svo hún hafi aldrei mátt fara neitt ein, og stundum hafi komið til ágreinings milli þeirra, svo legið hafi við samvistarslitum. Einnig hafi hann stundum sýnt Halldóru ofríki, jafnvel lagt á hana hendur. Kunna vitni þessi að greina frá ýmsum atvikum í þessa átt, en ekki þykir ástæða til þess að rekja þau hér. Faðir Halldóru kveður ákærða þó hafa verið kurteisán í návist sinni, en aðra sögu sé að segja um afstöðu hans til fjölskyldu Halldóru að öðru leyti, en ákærði hafi jafnan reynt að spilla sambandi hennar við fjölskyldu hennar og vini. Framburður vitnisins Elísabetar Guðmundsdóttur gengur í sömu átt. Halldóra hafi snemma á sam-

vistarárum þeirra ákærða sagt, að hann væri svo ofstækisfullur gagnvart sér, að hún mætti varla hreyfa sig, nema spyrja hann leyfis. Hann hafi verið afbrýðisamur út í Halldóru, gersamlega að tilefnislausu. Þá kveður Elísabet framkomu ákærða gagnvart henni hafa verið óviðfelldna og hafi hann oft verið að leita á hana og káfa á henni að Halldóru viðstaddri.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur bréf til Halldóru frá ákærða, rituð eftir að hann fór utan 25. júlí. Ekki er þörf að rekja hér efni bréfa þessara, en þau bera með sér, að ákærði hefur verið í miklu uppnámi út af því, hvernig sambandi þeirra Halldóru var komið.

Samkvæmt gögnum, er rannsóknarlögreglan aflaði hjá skrásetningardeild Loftleiða, hafði Halldóra upphaflega átt bókað far frá Keflavík til Arlanda 31. júlí. Bókun þessi var gerð hjá SAS í Kaupmannahöfn 11. febrúar og endurstaðfest í Reykjavík 15. júlí, en far ákærða þá afpantað. Hinn 20. júlí afpantaði Halldóra svo farið 31. júlí og fékk bókað far fyrst til Oslo 6. ágúst, en breytti því svo í far Keflavík-Arlanda 7. ágúst. Bókun þessa afpantaði Halldóra svo 2. ágúst.

Persónulegir hagir ákærða.

Ákærði er fæddur og uppalinn hjá foreldrum sínum hér í Reykjavík. Hann er yngstur þriggja systkina. Hann gekk í skóla hér í borg, en reyndist jafnan áhugalítill og latur við nám, og skólagöngu hans lauk með því, að hann gekk úr Vörðuskóla á miðjum vetri 1972. Hann stundaði að því loknu ýmiss konar verkamannavinnu, en skipti oft um starf. Áður en hann fluttist til Svíþjóðar, vann hann síðast hjá verslunarfyrirtæki við útkeyrslu. Í Nyköping vann hann sem vörubílstjóri. Um síðustu áramót hóf hann undirbúning að útvarpsvirkjanámi.

Um skeið á unglingsárum neytti ákærði að eigin sögn áfengis í óhófi, en dró mjög úr því, er hann var 17 ára og hafði kynnst Halldóru. Hann hefur ekki sætt refsingu, nema hvað hann sættist 7. mars 1972 á greiðslu sektar og missi réttar til að öðlast ökuleyfi 3 mánuði fyrir ölvun við akstur. Meðal gagna málsins er skýrsla rannsóknarlögreglu, er sýnir, að ákærði hefur verið undir rannsókn fyrir að hafa kveikt í gripahúsum á Grjóteyri í Andakíl í maí 1972. Ákærði hefur kannast við, að hann hafi hafst við í gripahúsunum eina nótt og kveikt þar eld, en neitar því, að hann hafi af ásetningi kveikt í húsunum. Þá hefur ákærði sumarið 1975 verið kærður af einum af húseigendum á Njálsgötu 4 A

fyrir að hafa í heimildarleysi numið brott tré af sameiginlegri lóð þeirra.

Að tilhlutan rannsóknarlögreglu ríkisins rannsakaði Ásgeir Karlsson geðlæknir geðheilbrigði ákærða, og er meðal gagna málsins rækileg skýrsla um rannsókn þessa. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu þessarar, þar á meðal niðurstöðukafli:

„Geðskoðun:

Einar Hjörtur Gústafsson er tæplega meðalmaður á hæð, grannvaxinn, samsvarar sér vel, engir kækir eða óeðlilegar hreyfingar merkjanlegar. Andlit fremur smáger, er með yfirskegg. Svipbrigði ekki tiltakanlega ör eða lítil. Samvinna við Einar er góð, en dálítið yfirborðsleg, þar eð erfitt er að komast í náð tilfinningalegt samband við hann. Þannig á hann auðveldast með að gefa þær upplýsingar, sem ekki eru mjög tilfinningalega hlaðnar, hann á erfitt með að lýsa samskiptum sínum og tilfinningum gagnvart fólki, sem hann hefur mest haft samskipti við, verður þó oft eins og mjög á varðbergi og allt að því tortrygginn. Geðbrigði eru yfirleitt mjög lítil og grunn, án þess að Einar virðist gera sér far um að hafa á þeim sérstaklega mikla stjórn. Geðslag verður að teljast oftast því sem næst hlutlaust. En undir niðri má greina lítilsháttar kvíða og geðlægdareinkenni, sem virðist vera Einari að mestu ómeðvitað. Tal hans er eðlilegt, bregst yfirleitt eðlilega fljótt við spurningum, svarar yfirleitt fremur stuttlega og skorinort og frásögn því fremur blæbrigðalítill. Engar meiriháttar truflanir koma fram viðvíkjandi hugsun eða hugsanatengslum, hugsun þó áberandi sjálfmiðuð. Hugsanagangur hans í heild virðist vera fremur hlutbundinn og hæfileiki til þess að draga ályktanir eða setja sig í spor annarra fremur takmarkaður. Ekkert kemur fram, sem bendir til þess, að Einar hafi ofskynjanir af nokkru tagi, og engar haldvillur koma fram. Minni hjá Einari er all gloppótt, en er þó allnákvæmt hvað viðvíkur eigin lífsferli og atburðarás s.l. mánuði. Líkt og hann eigi auðveldast með að muna þá hluti, sem snúa hvað mest að honum sjálfum og hann álíti að vera þess virði að muna. Dómgreind hans er sömuleiðis allmikið áfátt, einkennist fyrst og fremst af mikilli sjálfmiðun og lakri greind. Engar truflanir koma fram á meðvitund (áttum).

Niðurstaða:

Ég tel, að Einar Hjörtur Gústafsson sé hvorki haldinn geðveiki (psychosis) né fávitahætti (inferioritas intellectualis),

heldur greind hans lítil eða á efra tornæmu stigi. Hann er hins vegar haldinn miklum persónuleika- og skapgerðargöllum (personality disorder), sem koma fram í óproskuðu og grunnu tilfinningalífi. Stjórn tilfinninga er slæm, og aðalvarnarhættir hans eru bæling og afneitun. Varnarhættir þessir duga honum illa, ekki sízt er honum finnst öryggi sínu eða sjálfsvirðingu á einhvern hátt ógnað eða misboðið. Þá nægja þessir varnarhættir honum engan veginn til, og hvatir, svo sem reiði og árásargirni, brjótast fram. Greina má hjá Einari mikla þörf fyrir að vera öðrum háður. Rekja má þessa þörf hans e. t. v. til mikillar móðurbindingar í bernsku og vangetu síðar meir til þess að mynda eðlileg tilfinningasambönd við aðra, getur slíkt bæði verið orsök eða afleiðing af skapgerðargalla, sem lýsir sér mest í einþykkni og stífni og tilhneigingu til þess að ráða yfir þeim, sem hann binzt eða gerir sig háðan.

Einar Hjörtur Gústafsson telst sakhæfur, líkur á geðlæknis-meðferð fyrir Einar teljast litlar.“

Álit dómsins.

Ákærði skaut Halldóru Ástvaldsdóttur fjórum riffilskotum í bifreið þeirra á Elliðavatnsvegi síðdegis mánudaginn 15. ágúst sl. Hann hafði búið með Halldóru sl. 4—5 ár, en honum var orðið ljóst, að Halldóra hafði ákveðið að slíta sambandi þeirra að fullu. Við það gat hann ekki sætt sig, og hann ákvað að svipta Halldóru lífi og sig á eftir. Ljóst er, að hann varð Halldóru að bana af ásetningi. Vandí er að fullyrða um, hvenær sá ásetningur hafi mótast, en þegar litið er til skýrslna þeirra, sem ákærði hefur gefið í máli þessu, og til allra athafna hans, þykir verða að gera ráð fyrir því, að hann hafi verið búinn að hugleiða það með nokkrum fyrirvara, a. m. k. aðfaranótt mánudagsins, að ráða Halldóru bana, hvort sem sá ásetningur hefur mótast til fulls fyrr en síðar. Þessi viðbrögð ákærða við þeirri ákvörðun Halldóru að slíta sambandi þeirra skýrast að nokkru af þeirri lýsingu á geðhögum ákærða, sem fyrir liggja í málinu og áður er lýst.

Ákærði hefur þannig unnið til refsingar skv. 211. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar þykja refsilækkunar-ástæður 75. gr. hegningarlaga ekki koma til greina né heldur neinar af ástæðum þeim, sem um ræðir í 74. gr. hegningarlaga. Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 16 ár.

Samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en ákærði var

úrskurðaður í gæsluvarðhald 16. ágúst og hefur setið í því síðan, eða í 121 dag.

Taka ber til greina kröfu ákæruvalds um, að skotvopn ákærða verði gert upptækt til handa ríkissjóði skv. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 kr., og enn fremur málssóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 kr., en sækjandi af hálfu ákæruvaldsins var Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Hjörtur Gústafsson, sæti fangelsi 16 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans, 121 dagar, komi refsingunni til frádráttar.

Skotvopn ákærða skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 kr., og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 kr.

Sératkvæði

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara.

Ég er sammála forsendum atkvæðis meiri hluta dómenda svo og niðurstöðum þess að öðru leyti en því, að ég tel, að refsing ákærða væri hæfilega ákveðin 12 ára fangelsi.